



Dr. juris Björn Þórðarson

Annáll 11. - 31. desember 1942

Björn Þórðarson – Forsætisráðherra – Annáll – Minnisblöð – Dagbækur – 1942 – Vélritað handrit Þórðar
Björnssonar, sonar Björns, gert á sjöunda áratugnum

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 470
Forsætisráðherra frá 16. desember 1942 til 21. október 1944
Askja 7, Örk 1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A n n á l l .1942.Föstudagur 11. desember:

Kl. 11 fyrir hádegi hringir ríkisstjóri til mín í skrifstofu mína í Arnarhvoli og minnir mig á viðtal, sem við áttum í fyrra um, að ég tæki að mér myndun ríkisstjórnar. (Hinn 12. nóv. 1941 bað ríkisstjóri mig að koma í skrifstofu sína í Þinghúsinu, sem ég gerði fyrir hádegi. Sagði hann að stjórnarskipti væru fyrir höndum. Hermann Jónasson hafði sagt af sér. Hann fór þess á leit, að ég myndaði stjórn ef nauðsyn krefði. Ég bað um umhugsunarfrest en 14. sama mánaðar hafði Hermann tekið lausnarbeiðni sína aftur.). Ég kannaðist við það. Biður hann mig að koma til viðtals kl. 4 í Sóleyjargötu hjá Borghildi mágkonu hans. -

Samtalið varaði í 1 1/2 tíma og lýsir hann ástandinu í þinginu og segist vera ráðinn í að binda enda á þetta stjórnleysisástand. Hann segist engan hafa í huga, sem af utanþingsmönnum sé betur fallinn að verða forsætisráðherra en ég. Í fyrra sagði hann það sama og ætlaðist til að ég yrði þá utanríkisráðherra, en ég sagði honum þá, að ég væri ekki svo fær í að tala ensku, að ég vildi taka það að mér. Nú kveðst hann hugsa sér að fá Vilhjálms Þór, sem þá yrði utanríkisráðherra og hefði þar með á hendi allt samningadraslið við Ameríkanana, og Björn Ólafsson, sem yrði aðallega fjármálaráðherra. Eftir mikið aðhald frá ríkisstjóra hlið gekk

ég inn á að vera með í þessum leik. Taldi ég, að ég mundi ef til vill **maga** mig í handarbökin á eftir/^{ef}eg skoraðist alveg undan. Minntist ég á, að aðrir menn gætu komið til mála, svo sem Sigurður Eggerz, Einar Arnórsson og Ólafur Lárusson, en hann taldi sitt að hverjum þessara og mér fannst að vera mætti, að guð og lukkan **kynni** að vera/^{með}mér, og ennfremur að úr því að atvikin höguðu þessu nú þannig, að mér stæði þessi vegtylla, þó aðeins væri stuttan tíma, opin, þá ætti ég að gefa kost á þessu. Ég skoðaði þetta aðallega sem ævintýri, sem mér yrði síðar minnisstætt.

Ríkisstjóri atlaðist til að við yrðum aðeins 3 í ráðuneytinu. en mér þótti það áhættuspil, enda þekkti ég ekki mennina neitt, hafði aðeins séð þá í sjón. Aldrei talað við Vilhjálmi Þór nema einu sinni í síma en Björn Ólafsson hafði ég skipst nokkrum orðum við. Vissi ég sérstaklega af orðspori, að Vilhjálmur Þór ~~MAN~~ er mikill fyrir sér og Björn Ólafsson er gáfaður maður, sbr. greinar, sem hann hefur skrifað í Vísi og ræður, sem hann hefur haldið. Ég taldi báða þessa menn hægri menn og æfða kaupsýslumenn, sem myndu standa saman gegn mér, er á reyndi. Ég vildi fá 2 menn í viðbót og nefndi Einar Arnórsson og svo einhvern, sem stæði nærri Alþýðuflokknum. Ríkisstjóri nefnir Gylfa P. Gíslason, sem ég féllst á, og kveðst ríkisstjóri munu tala við Vilhjálmi Þór og Björn Ólafsson í kvöld.

Laugardagur 12. desember:

Ríkisstjóri segir mér, að Vilhjálmur Þór og Björn Ólafsson gangi inn á, að ég sé á toppinum og muni þeir koma til mín um kvöldið og gera þeir það kl. 8. Viðtalið stóð um 1 1/2 tíma. Segja þeir, sérstaklega Vilhjálmur, að hann vilji heldur 3 í stjórn, og þar sem hraða þurfi þessu mjög, geng ég inn á að ganga í 3ja manna stjórn, þó með því ákveðna skilyrði, að bæta við 1 eða 2 síðar. Við erum sammála um aðalatriðið, stöðvun verðbólgunnar. Er svo ráðgert að fara að Bessastöðum á morgun, sunnudag, til viðtals og ráðagerða við ríkisstjóra.

Sunnudagur 13. desember:

Eftir að þeir eru farnir og ég háttadur verð ég um nóttina með sjálfum mér sannfærður um, að ég eigi að reyna að fá Einar Arnórsson til þess að ganga í stjórnina. Fyrir hádegið fer ég til hans. Segi honum málavexti og fæ vilyrði hans um þetta, en hann vill þó tala við konu sína áður. Hann kemur kl. 1 1/2 og segir, að hann gangi í stjórnina því aðeins, að hann komi strax með. Verður það samkomulag með okkur, að ég geri það að skilyrði af minni hálfu.

Kl. 2 leggjum við af stað til Bessastaða í bíl Vilhjálms Þórs, sem stýrir sjálfur, en ég sit í framseti hjá honum en Björn Ólafsson í aftursæti. Eftir að við erum komnir nokkuð áleiðis segi ég þeim að ég vilji fá Einar Arnórsson í stjórnina strax. Vilhjálmur tekur þessu strax þunglega, telur að ég

hafi gengið inn á að við værum aðeins 3. Ég játa það, að það hafi ég gert í því falli, að hraða þyrfti málinu og ekki mætti tefja að ná í þann 4. Björn Ólafsson lagði fátt til en Vilhjálmur Þór gerðist hugsandi og sleit talinu, og vorum við síðan allir hljóðir. Er komið var að Bessastöðum ræðum við og ríkisstjóri allir við, og geri ég grein fyrir afstöðu minni og skerst nú mjög í odda en þó með kurteisni. Vilhjálmur hafði mjög mikið animosetet gegn Einari Arnórssyni. Höfðu J.J. og Framsóknar ásakanir og illyrði um Einar augsýnilega fest ratur hjá honum. Ríkisstjóri og Björn reyna að finna margar miðlunarleiðir, en ég hafna öllum. Lagði ég áherzlu á, að svo ætti að heita, að ég væri forsætisráðherra, en í fyrsta sinn, sem á það reyndi, að ég réði einhverju, ætti að koma í veg fyrir það. Ég vildi ekki ganga í ráðuneyti, þar sem sýnt væri frá upphafi, að ég væri í minnihluta. Tók þetta þóf 3 - 4 tíma svo útlit var fyrir að allt færi út um þúfur um þessa stjórnarmyndun. Ég hélt fast á mínu máli og gaf þess engan kost að fara einn með þeim tveimur, Vilhjálmi og Birni. Tala saman einir ríkisstjóri og Vilhjálmur og ríkisstjóri og Björn. Loks gefur Vilhjálmur eftir fyrir milligöngu ríkisstjóra³ og Björns² ¹. Hinsvegar gef ég Vilhjálmi þá yfirlýsingu, að ég skuli ábyrgjast að Einar Arnórsson sýni honum og ráðuneytinu fulla einlægni en sjálfur sé ég ekki neinn undirhyggjumaður. Var það þá að sammæli, að Einar Arnórsson gengi strax inn í ráðuneytið gegn

því, að þeir Vilhjálmur og Björn hafi rétt til að velja 5. manninn. Eg geng fúslega að þessu og var svo haldið af stað heim og ráðgerður fundur daginn eftir með Einari Arnórssyni og ríkisstjóra.

14.

Mánudagur 14. desember:

Fundur hjá Vilhjálmi Þór og erum við þar allir 5. Ráðgert að stjórnin taki við daginn eftir kl. 10 en ekki hafði 5. maðurinn fengist en þeir voru sammála mér um, að hann ætti að standa nærri Alþýðuflokknum. Kom Kjartan Ólafsson til orða í þessu sambandi. Nú upplýsti ríkisstjóri að Sjálfstæðisflokkurinn vilji um fram allt reyna á ný stjórnarmyndun og skildist mér, að lent mundi hafa í harka milli ríkisstjóra og 3ja manna nefndar Sjálfstæðisflokksins (Gísla Sveinssonar, Bjarna Benediktssonar og Jóhanns Jósefssonar) og var þeim og þingflokknum gefinn frestur til kl. 10 næsta dag.

Þriðjudagur 15. desember:

Sjálfstæðismannanefndin fékk enn frest til kl. 3 en þá var sleginn alveg í botninn af ríkisstjóra.

Var fundur hjá Vilhjálmi Þór kl. 4 og við allir 5. Var nú ráðið að fullu hvernig verkum skyldi skipta. Hafði ég samið uppkast að ræðu til flutnings við viðtökuna. Ennfremur áttu þeir Vilhjálmur og Björn að láta í té punkta. Var nú fastmælum bundið, að stjórnin tæki við næsta dag og skipun færi fram í ríkisráði kl. 11 f.h. þá. Forseti sameinaðs þings,

Haraldur Guðmundsson, var beðinn að koma á fund til okkar hjá Vilhjálmi Þór, sem hann og gerði, og var talað við hann um fund og framgangsmáta.

Um kvöldið tókum við Einar Arnórsson saman stefnuskrárræðuna eftir uppkasti ~~mína~~ mínu og punktum Björns og Vilhjálms og var þetta allt soðið dálítið niður og borið svo undir Vilhjálmi og Björn.

Miðvikudagur 16. desember:

Kl. 11. Ríkisráð, þar sem voru gefin út skipunarbréf fyrir ráðherzana og úrskurður um skápting starfa.

Kl. 11,50 fórum við allir upp í stjórnarráð og heilsuðum á skrifstofustjórnara í ráðuneyti hvers eins.

Kl. 1. Fundur í sameinuðu Alþingi. Þar hélt ég stefnuskrárræðu mína. Stillilega en skýrt. Var mikill múgur áheyrenda, einnig var þar Fontenay og Johanson. Engin ræðuhöld voru önnur en þessi ræða mín og var svo fundi slitið. Þingið tók stjórninni með þögn og ekki óvinsamlega. Margur kom og heilsaði mér af kunningjum. Mér var mikið niðri fyrir og átti bággt með að verjast vissum veikleika, sem sækir að mér þegar eitthvað tekur meira en í meðallagi á tilfinningarnar. - Stefnumskrárræðan er auðvitað í Alþingistíðindunum.

Ég sat síðan fundi Neðri deildar og voru umræðurnar fólgnar einungis í flokkslegum hnútuköstum og hnífilyrðum. (Umræðuefni: Millipinganefnd í sjávarútvegsmálum). Seinni hluta dags var stjórnin á fundi í stjórn ~~ráðis um framlagningu~~ ráði um framlagningu frumvarps um stöðvun verðbólgunnar.

Fimmtudagur 17. desember og

föstudagur 18. desember:

Fundir í stjórnarráði um frumvarpið og ráðagerðir um að fá að vita vilja flokkanna. Fundir með stjórn Alþýðusambandsins þann 17. kl. 5 - 7 og með Sigurjóni Á. Ólafssyni og formanni kjötverðlagsnefndar Ingólfi Jónssyni á Helli. ~~★~~ Vilhjálmur Þór hefur unnið Jón Arnason til fylgis og beitt sér og við ~~mjólkur~~ mjólkurverðlagsnefnd. Einar Arnórsson tók að sér að taka saman frumvarp, sem var breyting á 5. gr. laga um dómnefnd í verðlagsmálum. Ég talaði við Brynjólf Bjarnason sósíalistaformann. Á föstudagskvöld ásamt Vilhjálmi og Birni við Alþýðusambandsstjórn um að vinna gegn kröfum um kauphækkun til 28. febrúar, en fengum ekkert loforð heldur aðeins skýrslu, sem sýndi, að samningar flestir renna ekki út á þessu tímabili. - Frumvarp samið um verðstöðvun, handrit sýnt flokkunum og það prentað og verður lagt fram í ríkisráði á morgun og reynt að þrýsta því samdægurs gegnum þingið.

Laugardagur 19. desember:

Kl. 11 var frumvarpið borið upp í ríkisráði. Lagt síðan fram á fundi í Neðri deild og tekið til umræðu þar kl. 1 1/2 - 3 1/2. Vísað til nefndar. Síðan fundur í Neðri deild kl. 5 - 7 og frumvarpið samþykkt og vísað til Efri deildar. Þar var það til umræðu frá kl. 8 1/2 - 11,20. Samþykkt sem lög. Sagði ég nokkur orð að lokum á þá leið, að þingmenn

mundu njóta betur jólaaleyfisins nú eftir að hafa afgreitt málið og óskaði þingmönnum gleðilegra jóla og að þeir mættu koma heilir til starfa eftir nýjárið. Sá ég að Bjarni Benediktsson gretti sig mjög er ég mælti þessi orð mín. Síðan var haldinn ríkisráðsfundur kl. 11,40 um kvöldið og frumvarpið staðfest af ríkisstjóra. Verður það prentað í Lög- birtingablaði í nótt og í dagblöðunum á morgun.

Sunnudagur 20. desember:

Lögin lesin ásamt auglýsingu frá stjórninni í Útvarpi í dag og í kvöld. - Stöðugir fundir í stjórnar- ráði með ráðherrum og dómnefnd í verðlagsmálum kvöð á fund kl. 2 - 3 1/2. - Skúli Skúlason blaðamaður bað mig mig um viðtal og lofaði ég honum því á ákveðnum tíma en hann kom ekki.

Ég hef ekki skrifað sérstaklega það, sem við bar dagana til nýjárs. En mikið höfðum við að gera að búa undir frumvarp um verðlag, viðskiptaráð, hugsa um að fá félagsmálaráðherra eins og lofað var í stefnuskrár- ræðunni og undirbúa nýjársræðu. Varð Jóhann Sæmundsson fyrir valinu 22. desember.

Ég var í nokkrum vanda með ræðu mína og ætlaði helst að koma mér hjá því og láta Einar Arnórsson tala einan, vegna ræðu minnar 1. desember. Við nánari athugun sá ég að það myndi hnekkja virðingu minni

sem forsætisráðherra að þegja þar sem það er síður þeirra að tala og varð það að ráði að ég talaði í Útvarpi í 10 mínútur en Einar í 20 mínútur en aðrir ráðherrar upp úr nýjári. - Við höfum ekkert blað til þess að flytja mál okkar.

Þá var ég í beyglum með að taka á móti heim- sóknum, þar sem ég var ekki í forsætisráðherrabústaðum og vildi helst vera burt úr bænum um nýjárið. Sagði ég ríkisstjóra það, en hann sagði, að ekki dygði að fela sig. Tók ég þá mig til og auglýsti í Útvarpi og blöðum, að forsætisráðherra tæki á móti ^{þeim} ~~heimsóknunum~~ 1. nýjárðsdag í embættisskrifstofu sinni kl. 2 - 4, sem vildu bera fram nýjárðsóskir sínar við hann.

Var þessa daga ekkert af sér dregið af neimum.

Útvarpsræða

mín á gamlárskvöld 1942.

Góðir áheyrendur.

Í fornsögum vorum segir frá því, að sumir menn hafi verið spakir að viti eða forvitri. Þeir voru ekki margir en þó nokkrir. Oss nútímamönnum er gjarnt að skilja þetta svo, að þessir menn hafi verið gæddir ríkari athyglisgáfu en aðrir menn almennt, og kunnað betur að sjá fyrir afleiðingar af vissum atburðum og atvikum. En vera má, að hér komi enn annað til greina, það, að þeir hafi verið gæddir óvenjulegri hugsæisgáfu, skynjun fram í tímann eftir leiðum, sem þeim einum voru færar.

Hinn fyrsta dag þessa mánaðar, þegar ég talaði hér fyrir framan hljóðnemann, var mér það með öllu hulið, að 15 dögum síðar ætti ég að takast þann vanda á hendur að gerast formaður ríkisstjórnar þessa lands og ávarpa yður í þessari stöðu síðasta dag mánaðarins, síðasta dag ársins.

Ég er ekki forvitri. Sú gáfa, ef orðið þýðir spá-dómsgáfa, mun vera gefin aðeins fáum útvöldum og vera þess eðlis, að hún getur vart þrifist við þau skilyrði, sem flestir af oss búa við og nú ríkja. Vér verðum, hvert og eitt, að notast við þá gáfu, sem oss er gefin, og leitast við að nota hana til þess að semja oss að þeim tíma, sem vér lifum á. Reynzla vor og þekking nær skammt, en ef viljinn er nægur, og vér tökum í þjónustu vora þau hjálpargögn, sem tiltækileg eru, þá kann oss að auðnast að skilja ekki aðeins aðstöðuna á líðandi

stund, heldur og fá skyggnt eftir líkum fyrir því, hvað að höndum getur borið í nánustu framtíð.

Frá upphafi vega höfum vér aldrei þurft á einum og sama tíma að snúast við jafnmörgum, miklum og óvæntum viðhorfum og skapast hafa síðustu ár.

Einangrun lands vors er úr sögunni. Flugtæknin orkar því, að nú er aðeins dagleið héðan til Vesturheims og fara má á eyktarstund til mikilvægustu staða í Evrópu. Í einni svipan var land vort gert að einu höfuðvígi í styrjaldaráttökunum, og í landinu dvelur nú sú mergð annara þjóða manna, að vér fáum þar engri tölu á komið. Inn í landið hefir borizt meira fjármagn en oss hefir nokkurn tíma dreynt um.

Þegar nú sú ólga og truflun í þjóðlífinu, sem þessar staðreyndir hafa haft í för með sér, blönduðust á því ári, sem nú er að enda, saman við gömul landlæg og viðkvæm innanlandsmál, þá verður það skiljanlegt, að fulltrúa þjóðarinnar gat greint á um það, hvernig taka bæri á þeim viðfangsefnum, er fyrir liggja. Afleiðing þessa ágreinings varð sú, að núverandi ríkisstjórn var skipuð. Stjórnin var skipuð með öðrum hætti en hin almenna þingræðisvenja gerir ráð fyrir. Hér var án byltingar og að lögum myndað fordæmi, sem í sjálfu sér getur orðið lærdómsríkt og afférasælt fyrir friðsamlegt og stjórnskipulegt líf þjóðarinnar. Fordæmið er fengið, og það verður annaðhvort til varnaðar eða eftirbreytni í framtíðinni, þegar lík atvik kunna að verða fyrir hendi. Þjóðfélag vort er fámennasta menningarríkið, vér þekkjum. Það er því ekki fyrir það að synja, að oss

hæfi í stjórnarfarfarslegum tilliti að fara stundum vorar eigin leiðir í staðinn fyrir að fylgja afdráttarlaust fyrirmyndum frá öðrum.

Þessi stjórn hefur tekizt á hendur skyldur, þungar skyldur. Hún hefur lofað því að reyna að vinna bug á dýrtíðinni og að þrýsta niður verðbólgunni. Ennfremur að vinna að því, að atvinnuvegunum verði komið á svo heilbrigðan grundvöll, að framleiðsla vara til sölu erlendis geti haldið áfram samkvæmt því, sem samningar við viðskiptaþjóðir vorar gera ráð fyrir, og stjórnin vill finna ráð til, að skipakostur landsmanna komi þeim að sem bestum notum.

Enga meinsemd er unnt að lækna án þess að þekkja orsakir hennar greinilega. Stjórnin mun því gera sér allt far um að kynna sér þessar orsakir eftir föngum og leggja síðan fram tillögur sínar til úrbóta.

Þessar tillögur mun stjórnin reyna að miða við almenningshag og án þess að fara í manngreinarálit. Þeir, sem hafa fengið mikið undanfarin ár, mega vera við því búnir, að hagnaður þeirra rýrni, og að þeir verði að bera nokkrar byrðar. En þeir eiga heimtingu á, að þær byrðar, sem á þá kunna að verða lagðar, verði notaðar til viðréttingar heilbrigðara fjárhagslífi.

Stjórnin lítur svo á, að hún hafi, að svo stöddu, engan rétt til að krefjast af ~~almenningi~~ almenningi, engri stétt, neinna fórna, enda þurfi þess ekki. Því að það er ekki fórn heldur aðeins framsýni að verja nokkru af afla sínum til þess að styrkja grundvöllinn undir framtíðarhag.

Þegar stjórnin hefir afráðið hverjar leiðir hún telur tiltækilegar og stefna í áttina til úrlausnar þeim málum, sem ég nefndi, leggur hún tillögur sínar fyrir fulltrúa þjóðarinnar, Alþingi. Samstarf stjórnarinnar við Alþingi hófst fyrir jólin á ánægjusamlegan hátt fyrir stjórnina. Hversu lengi þingið vill halda samstarfinu áfram og una því, það leiðir tíminn í ljós.

Þótt örlögin hafi búið oss betri kjör í yfirstandandi styrjöld en ef til vill nokkurri annari þjóð, þá höfum vér þó af hennar völdum orðið á bak að sjá mörgum vöskum dreng, sem hætti lífi sínu og missti það á meðan vér, sem í landi erum, höfum ekkert lagt í sölurnar. Skyldan við minning þeirra og vandamenn þá, sem þeir hafa eftir sig látið, á að vera oss brýningum, að vér öll rækjum hlutverk vort með trúmennsku.

Vér verðum að sýna það í verki, að vér metum þjóðarhag meira en stundarhag einstaklingsins, og marka honum því hæfilegan bás. Ef fólk, sem land þetta byggir, skiptir sér í mannhópa ~~með ósamrýmanlegum~~ með ósamrýmanleg sersjónarmið, sem hindrar það, að samstarf megi takast um mál, sem allir sjá, að alþjóðarheill er undir komin, þá missum vér samúð vina vorra, sem svo mikið veltur á að halda. Það kastar rýrð á kynstofn vorn, sem vér verðum að trúa á, að eigi enn eftir að inna hlutverk af hendi, og geti skipað rúm sitt með sæmd, hvar sem hann sezt á bekk með öðrum þjóðum. Vér verðum að beita vitsmunum vorum og siðferðisþreki á þann veg, að enginn freistist til þess að gera sér dælt við þjóðmenningu vora. Fámennið leggur á oss þyngri

skyldur í þessu efni en nokkra aðra þjóð.

Stjórnin getur ekki lofað yður því að leysa af hendi nein afrek, en hún heitir því, að vinna eftir bestu getu.

Samstarfsmenn mínir, sem fara með atvinnumál, fjárhags- og viðskiptamál og félagsmál, hafa í hyggju hver á sínu sviði, að skýra yður frá eftir áramótin, hvernig þessi mál horfa við ~~XXX~~ eins og sakir standa.

Að lokum leyfi ég mér að láta þá von í ljós, að í þeim Surtarloga, sem nú æðir yfir heiminn, megi baráttan fyrir þjóðfrelsi og mannréttindum verða sigursæl, og óska ég öllum landslýð árs og friðar á komandi ári.